101
19. júní

VEGALÖG

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vér samkvæmt 12. gr. laga, dags. í dag, um breyting á vegalögum, nr. 41 4. júní 1924, höfum látið fella texta þeirra inn í meginmál téðra laga frá 1924, og gefum þau út svo breytt sem vegalög:

FYRSTI KAFLI.

Um flokkun vega.

1. gr.

Vegir á Íslandi eru þjóðvegir, fjallvegir, sýsluvegir og hreppsvegir.

2. gr.

Þjóðvegir eru þessir:

A. Um Suðurland:

1. *Suðurlandsvegur:* Frá Reykjavík um Ölfus, Flóa og Holt austur yfir brú á Ytri-Rangá. Um Rangárvelli, Landeyjar, Eyjafjöll, Sólheimasand og Mýrdal til Víkur. Um Mýrdalssand, Skaftártungu, yfir Eldhraun, um Síðu, Fljótshverfi, Skeiðarársand, Öræfi, Breiðamerkursand, Suðursveit, Mýrar, um Hóla í Nesjum, um Almannaskarð og Lón að Lónsheiði.
2. *Þingvallabraut:* Frá vegamótum Vesturlandsvegar nálægt Köldukvísl til Þingvalla.
3. *Geysisvegur:* Frá Þingvöllum um Laugardal til Geysis.
4. *Biskupstungnabraut:* Frá vegamótum hjá Ingólfsfjalli um Grímsnes og Biskupstungur hjá Vatnsleysu að vegamótum Geysisvegar hjá Múla.
5. *Eyrarbakkavegur:* Frá Selfossi að Eyrarbakka.
6. *Laugardalsvegur:* Frá vegamótum Biskupstungnabrautar hjá Svínavatni að vegamótum Geysisvegar hjá Laugarvatni.
7. *Skeiða- og Hreppavegur:* Frá vegamótum Suðurlandsvegar í Flóa, norðan Flatholts upp Skeið og Hrunamannahrepp að vegamótum Gullfossvegar vestan við Hvítárbrú á Brúarhlöðum.
8. *Gullfossvegur:* Frá vegamótum Biskupstungnabrautar hjá Tungufljóti til Gullfoss.
9. *Gnúpverjavegur:* Frá vegamótum Skeiðavegar sunnan Laxár um brú á Kálfá að vegamótum hjá Þjórsárholti.

10. *Landvegur:* Frá vegamótum Suðurlandsvegar hjá Meiri-Tungu í Holtum upp Land að Múla. **101** 19. júní
11. *Fljótshlíðarvegur:* Frá vegamótum Suðurlandsvegar hjá Garðsauka inn Fljótshlíð að Hlíðarenda.
12. *Hafnarbraut:* Frá Höfn í Hornafirði á Suðurlandsveg hjá Hólum.
13. *Reykjanesbraut:* Frá Reykjavík um Hafnarfjörð til Keflavíkur.
14. *Vífilsstaðavegur:* Frá vegamótum Hafnarfjarðarvegar til Vífilsstaða.
15. *Útvarpsstöðvarvegur:* Frá vegamótum Suðurlandsvegar fyrir innan Reykjavík að Útvarpsstöð á Vatnsendahæð.
16. *Þykkvabæjarvegur:* Frá vegamótum Suðurlandsvegar fyrir vestan Ægisíðu að fyrirhuguðu brúarstæði á Hólsá.

B. Um Vesturland:

1. *Vesturlandsvegur:* Frá vegamótum hjá Ártúni við Elliðaár um Mosfellssveit og Kjalarnes, kringum Hvalfjörð, yfir Ferstikluháls, um Svínadal, um Hesthháls, þvert yfir Borgarfjörð sunnan við Grímsá, yfir Hvítárbrú hjá Hvítárvöllum og á vegamót Borgarnesbrautar norðan við Gufá. Um Norðurárdal, Bjarnadal, Sökkólfsdal, Miðdal, Búðardal, Svínadal, kringum Gilsfjörð, yfir Geiradal, um Þorskafjarðarheiði og Langadal að Arngerðareyri.
2. *Hafnarfjallsvegur:* Frá vegamótum Vesturlandsvegar hjá Ferstiklu út með Hvalfirði, um Leirársveit og Andakíl á vegamót Vesturlandsvegar hjá Hvítárvöllum.
3. *Akranesvegur:* Frá Akranesi inn að vegamótum Hafnarfjallsvegar hjá Lambhaga.
4. *Borgarnesbraut:* Frá Borgarnesi að vegamótum Vesturlandsvegar norðan Gufár.
5. *Borgarfjarðarbraut:* Frá vegamótum Vesturlandsvegar hjá Haugum um Stafholtstungur yfir Hvítárbrú á Kálffossi.
6. *Stykkishólmsvegur:* Frá vegamótum fyrir ofan Borgarnes um Mýrar, um Kerlingaskarð og Helgafellssveit til Stykkishólms.
7. *Ólafsvíkurvegur:* Frá vegamótum Stykkishólmsvegar austan við Straumfjarðará um Staðarsveit og Fróðárheiði til Ólafsvíkur.
8. *Hellusandsvegur:* Frá Ólafsvík um Ennisdal til Hellusands.
9. *Laxárdalsvegur:* Frá vegamótum sunnan Laxár um Laxárdal og Laxárdalsheiði að vegamótum Strandavegar utan Borðeyrar.
10. *Strandavegur:* Frá vegamótum við Hrútafjarðará um Borðeyri, út með Hrútafirði, um Stikuháls, meðfram Bitrufirði, um Bitruháls, Kollafjörð, Hólmavík, Steingrímsfjarðarheiði að vegamótum Vesturlandsvegar á Þorskafjarðarheiði.
11. *Steinadalsvegur:* Frá vegamótum Vesturlandsvegar hjá Brekku í Gilsfirði um Steinadal og Steinadalsheiði að vegamótum Strandavegar í Kollafirði.

101 19. júní

12. *Vestfjarðavegur:*
a. Frá Ísafirði um Breiðadalsheiði inn fyrir Önundarfjörð um Gemlufallsheiði að Gemlufalli við Dýrafjörð.
b. Frá Þingeyri um Brekkudal að Rafnseyri.
c. Frá Bíldudal um Hálfdán fyrir Tálknafjarðarbotn um Mikladal til Geirseyrar við Patreksfjörð.

13. *Bolungavíkurvegur:* Frá Ísafirði um Hnífsdal til Bolungavíkur.

C. Um Norðurland:

1. *Norðurlandsvegur:* Frá vegamótum hjá Dalsmynni í Norðurárdal, um Holtavörðuheiði, Hrútafjörð og Hrútafjarðarháls yfir Miðfjarðará hjá Reykjum, um Línakradal, Auðunnarstaðaháls, um Víðidalsárbrú hjá Lækjamóti, um Gljúfurárbrú hjá Miðhópi, yfir Vatnsdalsárbrú hjá Hnausum, um Blöndubrú hjá Blönduósi, um Langadal og Stóra-Vatnsskarð. Yfir Skagafjörð um Norðurárdal, Öxnadalsheiði, Öxnadal, Þelamörk og Kræklingahlíð til Akureyrar. Yfir Vaðlaheiði, um Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði og Aðalreykjadal til Húsavíkur. Um Reykjaheiði, Kelduhverfi að vegamótum austan við Jökulsárbrú nálægt Ferjubakka.
2. *Hvammstangabraut:* Frá Hvammstanga að vegamótum hjá Stóra-Ósi.
3. *Miðfjarðarvegur:* Frá vegamótum sunnan Melstaðar að Litlu-Tungu.
4. *Vesturhópsvegur:* Frá vegamótum Norðurlandsvegar hjá Vatnshorni að Vesturhópsvatni móts við Breiðabólsstað.
5. *Vatnsdalsvegur:* Frá Vatnsdalshólum að Undirfelli.
6. *Svínvetningabraut:* Frá Blönduósi að Svínavatni.
7. *Skagastrandarvegur:* Frá Blöndubrú við Blönduós til Skagastrandar.
8. *Siglufjarðarvegur:* Frá Hofsósi um Sléttuhlíð og Fljót til Siglufjarðar.
9. *Sauðárkróksvegur:* Frá Sauðárkróki að vegamótum austan við Víðimýri.
10. *Hofsósvegur:* Frá Sauðárkróki um Héraðsvatnabrýr og Hegranes, Viðvíkursveit, um brú á Hjaltadalsá, um Óslandshlíð til Hofsóss.
11. *Eyjafjarðarbraut:* Frá vegamótum sunnan Akureyrar að Saurbæ ásamt brautinni að Kristneshæli.
12. *Dalvíkurvegur:* Frá Dalvík um brú á Svarfaðardalsá hjá Árgerði um Árskógsströnd og Arnarneshrepp, um brú á Hörgá hjá Möðruvöllum að vegamótum Norðurlandsvegar á Moldhaugahálsi.
13. *Mývatnssveitarvegur:* Frá Breiðamýri um Mývatnsheiði að Skútustöðum.
14. *Tjörnesvegur:* Frá Húsavík kringum Tjörnes að vegamótum Norðurlandsvegar hjá Lóni í Kelduhverfi.
15. *Kópaskers- og Raufarhafnarvegur:* Frá vegamótum austan við Jökulsá í Axarfirði um Kópaskerskauptún, yfir Melrakkasléttu um Blikalón og Raufarhöfn, um Hálsa, hjá Svalbarði, um Þistilfjörð til Þórshafnar.

D. Um Austurland:

1. *Austurlandsvegur:* Frá vegamótum Norðurlandsvegar austan við Jökulsárbrú í Axarfirði, um Hólsfjöll hjá Grímsstöðum, hjá Möðrudal, um

Möðrudalsöræfi, um Jökuldal hjá Skjöldólfsstöðum, um Jökulsárbrú hjá Fossvöllum, um Hróarstungu, um Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli og Skriðdal, um Breiðdalsheiði, um Breiðdal, hjá Eydölum, um Strætishvarf, um Berufjarðarströnd til Djúpavogs. Um Geithellnahrepp yfir Lónsheiði. **101** 19. júní

2. *Stranda- og Vopnafjarðarvegur:* Frá Þórshöfn þvert yfir Langanes um Strandir, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hellisheiði og Jökulsárhlíð að vegamótum Austurlandsvegar vestan við Jökulsárbrú hjá Fossvöllum.
3. *Úthéraðsvegur:* Frá vegamótum Fjarðarheiðarvegar austan við Eyvindarárbrú, um Eiðaþinghá og Hjaltastaðaþinghá að Óshöfn.
4. *Upphéraðsvegur:* Frá Lagarfljótsbrú vestan Fljóts að Brekku í Fljótsdal.
5. *Fjarðarheiðarvegur:* Frá vegamótum Austurlandsvegar hjá Egilsstöðum um Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar.
6. *Fagradalsbraut:* Frá vegamótum Austurlandsvegar hjá Egilsstöðum um Fagradal til Reyðarfjarðarkauptúns.
7. *Eskifjarðarvegur:* Frá Reyðarfjarðarkauptúni til Eskifjarðarkauptúns.
8. *Norðfjarðarvegur:* Frá Eskifirði til Neskaupstaðar.
9. *Fáskrúðsfjarðarvegur:* Frá Fagradalsbraut í Reyðarfirði um Sléttuströnd og Hrossadalsskarð að Búðum í Fáskrúðsfirði.
10. *Mjóafjarðarvegur:* Frá Fagradalsbraut við Köldukvísl um Eyvindardal, Slenjudal og Mjóafjarðarheiði að Mjóafirði.

3. gr.

Þar sem þjóðvegur liggur um kaupstað eða kauptún, telst þjóðvegurinn að mörkum kaupstaðarlóðar eða verzlunarlóðar.

Þar, sem mörk kaupstaðar- eða verzlunarlóðar eru ekki ákveðin, úrskurðar ráðherra, hvar þjóðvegur endar.

Nú nær byggð meðfram slíkum vegi út fyrir mörk kaupstaðar- eða verzlunarlóðar, og skal þá ekki telja þjóðveg lengra en þar að, sem byggð telst enda samkvæmt úrskurði ráðherra.

4. gr.

Fjallvegir eru þeir vegir yfir fjöll og heiðar, sem ráðherra ákveður og eigi teljast til neins annars vegaflokks.

5. gr.

Sýsluvegir eru þeir vegir, er liggja sýslna á milli og um hverja sýslu þar sem mest er þjóðbraut, svo sem í kauptún og fiskiver, enda séu þeir eigi þjóðvegir. Sýslunefndir ákveða, hvar þessir vegir skuli liggja, hver innan sinnar sýslu.

6. gr.

Hreppsvegir eru vegir um hreppa og hreppa í milli, sem hvorki eru þjóðvegir né sýsluvegir. Sýslunefnd ákveður eftir tillögum hreppsnefndar, hvar hreppsvegir skuli liggja.

101
19. júní

ANNAR KAFLI

Um stjórn vegamála.

7. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefir yfirstjórn allra vegamála. Til þess að stjórna framkvæmdum í þessum málum er skipaður vegamálastjóri, og skal fá honum aðstoðarmenn eftir þörfum.

Nú getur vegamálastjóri eða aðstoðarmenn hans eigi komið því við að veita forstöðu einhverri þeirri vegagerð eða brúargerð, er útheimtir sérstaka verklega þekkingu, og er atvinnumálaráðuneytinu þá heimilt að ráða til þess hvern þann hæfan mann, er fæst. Kostnaður sá, sem af þessu leiðir, telst með öðrum kostnaði við verkið.

8. gr.

Sýslunefndir hafa, undir yfirumsjón vegamálastjóra, umsjón og stjórn þeirra vegagerða og þess viðhalds, sem kostað er af sýslusjóði eða sýsluvegasjóði; fela má sýslunefnd oddvita sínum umsjón með tilteknum vegagerðum, eða sýslunefndarmanni eða hreppsnefndum umsjón með sýsluvegagerð, hverjum í sínum hreppi, og ber þeim, sem umsjón er falin, að ráða til þann verkstjóra, sem hæfur er til þess starfa. Skylt er sýslunefndum að hlíta ráðum vegamálastjóra um framkvæmd vegagerða.

Nú verður álitið nauðsynlegt að fá sérstaklega verkfróðan mann til þess að undirbúa einhverja vegagerð eða brúargerð, eða til þess að sjá um framkvæmd vegagerðar eða brúargerðar, og er þá sýslunefnd, eða oddvita í umboði hennar, heimilt að ráða til hvern þann hæfan mann, er fæst. Kostnað þann, sem af þessu leiðir, má telja með öðrum kostnaði við verkið.

9. gr.

Hreppsnefnd hefir umsjón með vinnu og aðgerð á hreppsvegum, og skal hún ráða þann til verkstjóra, sem hæfur er til þess starfa.

Nú verður álitið nauðsynlegt að fá sérstaklega verkfróðan mann til þess að undirbúa vegagerð eða brúargerð eða til þess að sjá um framkvæmd vegagerðar eða brúargerðar, og er þá hreppsnefnd heimilt að ráða til hvern þann hæfan mann, er fæst. Kostnað þann, er af þessu leiðir, má telja með öðrum kostnaði við verkið.

ÞRIÐJI KAFLI

Um gerð vega, viðhald þeirra og greiðslu kostnaðar.

10. gr.

Allir vegir skulu vera svo gerðir, að nægi umferð þeirri, sem er eða vænta má að verði um þá, að svo miklu leyti sem stjórn vegamálanna telur slíkt kleift.

11. gr.

Fram með öllum vegum skulu vera skurðir á báðar hendur, nema þar sem verkstjórinn kann að álíta það óþarft. Nú þarf að veita vatni frá vegi, og er þá hver landeigandi skyldur að leyfa, að því sé gerð framrás yfir land hans, mót skaðabótum fyrir tjón það, sem hann kann að bíða af því. Skaðabæturnar skulu ákveðnar með samkomulagi eða eftir mati samkvæmt 26. gr. Þó getur enginn krafizt skaðabóta samkvæmt þessum lögum fyrir vatnsrásir, sem eru til orðnar áður en þessi lög öðlast gildi.

Jarðefni það, er grefst upp úr skurðum og verður ekki notað til fyllingar í veginn, skal leggja á þann skurðbakkann, er veit frá veginum; skal metrabreið ræma af þeim skurðbakka teljast til vegarins, og má enginn gera girðingar eða önnur mannvirki á þeirri ræmu án leyfis stjórnarvalda þeirra, er veginum ráða; enginn má heldur reisa hús nær þeim skurðbakka, er veit frá veginum, en nemi 2 metrum.

Þar, sem enginn skurður er meðfram vegi, má girðingu ekki setja nær miðju vegar en 4 metra og ekki reisa hús nær en 8 metra, nema sérstök heimild komi til.

12. gr.

Ríkissjóður kostar umbætur og viðhald þjóðvega. Skulu þeir gerðir akfærir svo fljótt sem fé er veitt til í fjárlögum. Nú verður álitið gagnlegt að gera einhvern þjóðvegarkafla akfæran, og má þá, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, gera það að skilyrði, að hlutaðeigandi sveitarfélög eða sýslufélög leggi fram tiltekinn hluta alls vegagerðarkostnaðar.

13. gr.

Stjórn vegamálanna ákveður, hvaða fjallvegir skuli gerðir akfærir. Aðrir fjallvegir skulu gerðir reiðfærir og varðaðir svo sem nauðsyn ber til. Greiðist kostnaður við þá úr ríkissjóði.

14. gr.

Kostnaður við sýsluvegi greiðist úr sýslusjóði, en í hann greiði hvert hreppsfélag árlega 2 kr. fyrir hvern verkfæran karlmann í hreppnum, 20—60 ára, í hverri stöðu sem er. Heimilt er sýslunefnd að ákveða fyrir eitt ár í senn, að gjald þetta skuli vera hærra, allt að 5 kr. fyrir hvern verkfæran karlmann. Hreppstjórar skulu í októbermánuði ár hvert semja nafnaskrá yfir alla verkfæra karlmenn 20—60 ára, sem heimili hafa í hreppnum. Skulu skrárnar sendar sýslumanni fyrir árslok, en sýslumaður ákveður eftir þeim sýsluvegagjald hvers hrepps. Gjaldið skal borgað úr sveitarsjóði og greitt sýslumanni á manntalsþingi. Samrit af skránni skal hreppstjóri láta hreppsnefndaroddvita í té fyrir 20. október.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþykkt um stofnun sýsluvegasjóða samkvæmt lögum nr. 10, 20. júní 1923, um samþykktir um sýsluvegasjóði, og fer þá um kostnað við sýsluvegi samkvæmt þeim lögum.

101
19. júní

15. gr.

Sýsluvegir þeir, sem liggja frá kauptúnum eða út frá akfærum þjóðvegum, eða eru framhald af þeim, skulu gerast akfærir þar sem því verður við komið. Heimilt er að greiða úr ríkissjóði styrk til akfærra sýsluvega, er nemi allt að helmingi kostnaðar, gegn þeim skilyrðum, er ráðherra setur í reglugerð. Að öðru leyti ákveður sýslunefnd, hvernig sýsluvegir skuli gerðir. Heimilt er sýslunefndum að gera samþykktir fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu um akfæra sýslu- og hreppsvegi, og fer þar um samkvæmt lögum nr. 38, 28. nóv. 1919.

16. gr.

Oddviti sýslunefndar skal ár hvert senda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu skýrslu um þær vegabætur, er hafa verið framkvæmdar á kostnað sýslusjóðs, ásamt reikningi yfir tekjur og gjöld sýslusjóðsins.

17. gr.

Nú vill sýslunefnd framkvæma á einu ári meiri vegabætur á sýsluvegum en tekjur sjóðsins það ár leyfa, og getur hún þá tekið lán til þeirra; en áður sýslunefnd ákveður lántökuna, skal liggja fyrir áætlun um kostnað við hina fyrirhuguðu vegagerð eftir verkfróðan mann, og skal áætlunin vera samþykkt af vegamálastjóra.

18. gr.

Kostnaður við hreppsvegi greiðist úr sveitarsjóði, en í hann skal greiða hreppsvegagjald, 2 kr. árlega fyrir hvern verkfæran karlmann í hreppnum 20—60 ára, í hverri stöðu sem er. Heimilt er hreppsnefnd að ákveða fyrir eitt ár í senn, að hreppsvegagjald skuli vera hærra, allt að 5 kr. fyrir hvern verkfæran mann.

19. gr.

Hver sá maður, er talinn er í verkfærra skrá, skal greiða hreppsvegagjald í sveitarsjóð. Húsráðandi hver innir gjaldið af hendi fyrir heimilismenn sína, þar á meðal lausamenn, er teljast þar til heimilis. Eindagi gjaldsins er 31. desember ár hvert.

20. gr.

Til vegagerðar á hreppsvegum má ekki verja minna fé úr sveitarsjóði en nemur hinu lögskipaða hreppsvegagjaldi. Nú telur hreppsnefnd æskilegt, að framkvæmd sé á kostnað hreppsins meiri vegagerð en svo, að hreppsvegagjaldið með hækkun þeirri, sem heimiluð er í 18. gr., hrökkvi fyrir henni, og má hún þá greiða það, sem til vantar, úr sveitarsjóði, ef meiri hluti gjaldenda í hreppnum, þeirra er kosningarrétt hafa til hreppsnefndar og fund sækja, samþykkja á lögmætum sveitarfundi, og sé með þeirri samþykkt ákveðið, hve mikilli upphæð megi verja til vegagerðar úr sveitarsjóði, umfram hreppsvegagjaldið.

21. gr.

Nú er lítið að vinna að hreppsvegum í hreppi, og má sýslunefnd þá ákveða, að allt að helmingi hreppsvegargjalds greiðist í peningum í sýslusjóð. Sé aftur

á móti hreppsvegavinna mikil í einhverjum hreppi, af því að þar eru engir þjóðvegir né sýsluvegir, en vegir um hreppinn langir og torfærir, má sýslunefndin ákveða, að allt að jafnmikilli upphæð og hreppsvegagjald hreppsins greiðist úr sýslusjóði. **101** 19. júní

22. gr.

Oddviti sýslunefndar skal ár hvert senda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu yfirlit yfir hreppsvegagjöld í sýslunni og yfir gjöld sveitarsjóða til vega.

23. gr.

Nú vill hreppsnefnd taka lán til vegagerðar í hreppnum og skuldbinda sveitarsjóð til greiðslu á láninu ásamt vöxtum af því, og er henni það heimilt, ef meiri hluti allra gjaldenda í hreppnum, þeirra er kosningarrétt hafa til hreppsnefndar, samþykkir á lögmætum sveitarfundi, enda samþykki sýslunefnd ályktun hreppsnefndarinnar um lántökuna.

FJÓRÐI KAFLI

Um jarðrask, landnám, átroðning o. fl.

24. gr.

Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi land það, er þarf undir vegi eða til breytingar eða breikkunar eða viðhalds vegum, svo og leyfa að efni til vega sé tekið í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, enda komi fullar bætur fyrir. Bætur fyrir jarðrask og landnám á óyrktu landi skulu því aðeins greiddar, að þeirra sé krafizt og álitið verði, að landeigandi hafi beðið skaða við það.

Bætur fyrir jarðrask og landnám vegna þjóðvegar skulu greiðast úr sýslusjóði, þar sem land það er, sem bætur greiðast fyrir.

25. gr.

Merki, hæla, vörður eða því líkt, sem vegamálastjóri hefir látið setja til að marka útmælda veglinu, má ekki nema burt án leyfis hans.

Rétt er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu eftir tillögu vegamálastjóra að banna, að hús verði reist eða önnur mannvirki gerð innan marka fyrirhugaðs vegar, sem mælt hefir verið fyrir og markað. Má slíkt bann vera í gildi allt að 3 árum.

26. gr.

Bætur fyrir landnám, jarðrask og átroðning þann, er nýr vegur kann að hafa í för með sér, má ákveða eftir samkomulagi milli landeiganda og umboðsmanns stjórnarvalda þeirra, sem bætur eiga að greiða. Nú næst ekki samkomulag, og skal þá ákveða bætur með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaðinn við matið greiðir landeigandi, ef upphæð sú,

101 er honum er metin, er nær því, sem honum hefir verið boðið, en því, sem hann
19. júní hefir krafizt, ella telst kostnaðurinn við matið með skaðabótakostnaðinum.

Nú vill annarhvor málsaðili eigi una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan mánaðar frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af fjórum dómkvöddum mönnum; kostnaðinn við yfirmat greiðir landeigandi, ef hann hefir krafizt þess og það gengur honum eigi í vil, ella telst hann með öðrum skaðabótakostnaði.

27. gr.

Mat skal fram fara á vettvangi þá er jörð er snjólaus. Við matið skal hafa tillit til árlegs afrakstrar af landi því, er um ræðir, svo og til þess, hvort girðingar þurfi að flytja eða nýjar að setja og athuga vandlega allt það, er getur haft áhrif á verðmæti þess, er meta skal; sérstaklega skal hafa tillit til þess, ef ætla má að land hækki í verði við vegagerðina. Nú leggst eldri stígur eða vegur niður við lagningu nýs vegar og fellur til landeiganda, og skal þá við matsgerðina meta sérstaklega hið gamla vegarstæði eða götutroðninga og draga frá upphæð þeirri, er landeiganda er metin fyrir landnám undir hinn nýja veg, eða jarðrask, leiðandi af lagningu hans. Bætur fyrir átroðning skal eigi meta í slíkum tilfellum, nema sannað verði, að meiri átroðningur stafi af hinum nýja vegi en af hinum eldri vegi eða stíg.

28. gr.

Landeigandi á bætur allar fyrir landnám, jarðrask og átroðning, en sé jörð leigð öðrum, greiði landeigandi honum 5 af hundraði árlega af skaðabótaupphæðinni meðan leigusamningur sá er í gildi, sem var þegar bæturnar voru ákveðnar. Ábúandi á þó bætur fyrir skemmdir á mannvirkjum þeim, sem eru hans eign, og skal meta þær sérstaklega.

29. gr.

Skaðabóta, er af vegagerð eða vegaviðhaldi leiða, skal krefjast innan árs frá því, er verk það var unnið, sem skaðanum olli, ella fellur réttur til skaðabóta niður.

FIMMTI KAFLI

Um brýr, ferjur, sæluhús, girðingar, hlið o. fl.

30. gr.

Brýr skal gera samkvæmt lögum nr. 32 23. júní 1932.

31. gr.

Lögferjuskylda skal vera hin sama og nú er. Sýslunefndir hafa eftirlit með því, hver í sinni sýslu, að lögferjumenn haldi lögferjum í gildu standi og gæti skyldu sinnar að öðru leyti, eftir þeim nánari reglum, sem sýslunefnd setur á hverjum stað.

Ekki má sýslunefnd hækka lögferjugjöld né afnema lögferju nema með samþykki atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins. **101** 19. júní

Nú samþykkir sýslunefnd að lækka lögferjugjöld, en lögferjumaður vill ekki hlíta samþykkt sýslunefndar, og skal þá málinu skotið til úrskurðar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

32. gr.

Nú er sett dragferja eða svifferja eða annar ferjuútbúnaður, sá er útheimtir ferjumann, í lögferjustað, og skal þá lögferjumaður skyldur að taka við hinni nýju ferju, gegna henni og hafa með henni umsjón alla. Að því leyti, sem viðhald hins nýja ferjubúnaðar álízt kostnaðarsamara en viðhald hinnar eldri ferju, skal sýslusjóður kosta það, en ríkissjóður ef ferjan er á þeim vegi, er ríkissjóði ber að halda við.

33. gr.

Nú vill sýslunefnd setja lögferju, þar sem ekki var lögferja áður, og skulu þá taka við henni landeigandi og ábúandi, en geta krafizt þess, að ferjan sé lögð þeim til í upphafi. Ferjugjöldin skulu, ef samkomulag næst ekki, ákveðin af óvilhöllum, dómkvöddum mönnum.

34. gr.

Nú verða ábúendaskipti á býli því, er lögferja fylgir, og má viðtakandi þá krefjast þess, að honum sé metið álag á ferjuna.

35. gr.

Sæluhús skal gera á fjallvegum og annarstaðar þar ,er þurfa þykir, og telst kostnaður við byggingu þeirra með vegagerðarkostnaði, en kostnaður við viðhald þeirra og reksturs með viðhaldskostnaði.

36. gr.

Girðingar má ekki setja nær alfaravegi en svo, að 1 metri sé milli vegjaðarsins og girðingarinnar. Gaddavírsgirðingar má ekki setja nær alfaravegi en svo, að 6 metrar séu frá miðjum vegi til girðingar og ekki nær en svo að 4 metrar séu frá vegjaðrinum til girðingarinnar. Grjótgarða, torfgarða eða skíðgarða má ekki setja nær vegjaðri en 10 metra, nema með sérstöku leyfi ráðherra, ef um þjóðveg eða fjallveg er að ræða, en með leyfi sýslunefndar, ef um sýsluveg eða hreppsveg er að ræða. Hús má ekki reisa nær vegjaðri en 4 metra.

Hvergi má festa upp auglýsingaspjöld meðfram alfaravegum utan kaupstaða og kauptúna, eða setja upp auglýsingar á annan hátt, nema um opinberar tilkynningar sé að ræða.

Heimilt er þó þeim, sem býr við alfaraveg, að auglýsa þar atvinnurekstur sinn.

37. gr.

Enginn má gera girðingu yfir veg, með hliði á fyrir veginum, nema með leyfi ráðherra, ef um þjóðveg eða fjallveg er að ræða, en með leyfi sýslunefnd-

101 19. júní

ar, ef um sýsluveg eða hreppsveg er að ræða. Synjun sýslunefndar um slíkt leyfi má skjóta til ráðherra til úrskurðar. Sama bann gildir þar, sem mælt og markað hefir verið fyrir vegi, enda hafi vegamálastjóri tilkynnt jarðarábúanda, hvar mælt hafi verið.

38. gr.

Nú er leyft að gera girðingu yfir veg, með hliði á fyrir veginum, og skal þá grind vera í hliðinu, að minnsta kosti 2,6 metrar á breidd og svo gerð, að opna megi með því að taka til hendi af hestbaki.

Heimilt er hlutaðeigandi stjórnarvöldum að afturkalla með tveggja ára fyrirvara gefið leyfi til þess að gera girðingu yfir veg, með hliði á fyrir veginum.

39. gr.

Skylt er að halda við girðingum, svo að aldrei geti þær hindrað eða bagað umferð um veginn. Þyki vegamálastjórninni þessa ekki gætt, er ráðherra heimilt að úrskurða, að viðgerð skuli framkvæma á kostnað þess, sem að réttu ber að viðhalda girðingunni.

40. gr.

Nú liggur vegur eða stígur eða götutroðningar yfir land manns og telst eigi til neins vegaflokks, og er landeiganda þá heimilt að geri girðingu yfir þann veg, með hliði fyrir veginum, en eigi má hann loka hliðinu né með öðru móti hindra umferð um þann veg, nema hreppsnefnd leyfi.

41. gr.

Nú er vegur lagður gegnum land manns, og á hann þá rétt á að fá óhindraðan aðgang að veginum á einum stað frá landareign sinni. Skal í því skyni gera fláa á veginn, ef hann er upphleyptur eða niðurgrafinn, og sé hallinn á fláanum eigi meiri en 1:8, svo og brú á skurðinn, ef nokkur er fram með veginum, að minnsta kosti 2 metra breiða. Landeigandi skal birta verkstjóra kröfu sína í þessu efni áður en vegurinn er fullgerður á þeim stað, sem hann vill hafa aðgang að, og skal sá aðgangur gerður þar eða svo nálægt, sem kostur er á. Telst kostnaður við það verk með öðrum vegagerðarkostnaði.

Nú birtir landeigandi verkstjóra eigi kröfu sína um aðgang að veginum í tæka tíð, og skal hann þá gera aðganginn á sinn kostnað, svo og ef hann vill hafa aðgang frá fleiri stöðum í landi sínu en þeim eina.

SJÖTTI KAFLI

Um framkvæmd viðhaldsins, um vetrarviðhald og vetrarvegi.

42. gr.

Stjórnarvöld þau, sem eiga að sjá um viðhald vega samkvæmt lögum þessum, skulu fá til svo hæfa menn, sem kostur er á, til þess að hafa eftirlit með veg-

unum, og skal eigi ætla eftirlitsmanni lengri kafla en 15 km. nema staðhættir krefji. **101** 19. júní

43. gr.

Eftirlitsmenn skulu tafarlaust láta gera við allar skemmdir á vegunum, þær er hætta getur stafað af eða hindrað umferð, eða hætt er við að ágerist svo, að meiri kostnaður hljótist af. Þeir skulu á vetrum halda skurðum og rennum opnum, svo að eigi renni yfir veginn í leysingum. Að öðru leyti skulu þeir framkvæma viðhaldið eftir því, sem þeim verður fyrirskipað.

Eftirlitsmenn skulu og hafa gát á því, að vegfarendur hlýði ákvæðum þeim um umferð á vegum, sem sett eru í lögum þessum eða sett kunna að verða, svo og að vegurinn og þau mannvirki, sem honum fylgja, séu eigi skemmd af mannavöldum. Skulu þeir tafarlaust kæra öll slík brot fyrir lögreglustjóra.

44. gr.

Nú þykir ástæða til að halda vegi akfærum með snjómokstri að vetrarlagi, og má þá hreppsnefnd ákveða, að svo skuli gert, hver innan síns hrepps. Nú liggur vegur um fleiri hreppa en einn, og má sýslunefnd þá ákveða, að honum skuli haldið akfærum með snjómokstri, ef hreppsnefnd í einhverjum þeim hreppi, er vegurinn liggur um, fer fram á það.

Þyki vegamálastjórninni ástæða til að halda akfærum kafla þjóðvegar með snjómokstri að vetrarlagi, má telja þann kostnað með viðhaldi vegarins.

45. gr.

Þá er löglega hefir verið ákveðið að halda vegi akfærum með snjómokstri, skal hver hreppsnefnd annast um framkvæmd þess innan síns hrepps. Kostnaðinn við það má greiða úr sveitarsjóði, en heimilt er hreppsnefnd og að ákveða, að verkið skuli innt af hendi með skylduvinnu allra verkfærra karlmanna í hreppnum. Heimilt skal þó hverjum manni að leysa sig undan skylduvinnu með því að greiða 4 kr. fyrir hvert dagsverk.

Hreppsnefnd kveður að öðru leyti á um, hversu snjómokstri skuli hagað.

46. gr.

Heimilt er sýslunefndum og hreppsnefndum að verja fé úr sýslusjóðum eða sýsluvegasjóðum og sveitarsjóðum til þess að gera sleðabrautir að vetrum utan almannavegar, þar sem þörf þykir.

SJÖUNDI KAFLI

Sérstök ákvæði um vegi í kaupstöðum og verzlunarstöðum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig.

47. gr.

Í kaupstöðum og í verzlunarstöðum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, ákveður bæjarstjórn eða hreppsnefnd með ráði byggingarnefndar, hvar vegir

101 skuli liggja innan kaupstaðarins eða verzlunarstaðarins og hvernig þeir skuli
19. júní gerðir.

48. gr.

Kostnaður við vegagerð og vegaviðhald í kaupstöðum greiðist úr bæjarsjóði, en í verzlunarstöðum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, úr sveitarsjóði.

49. gr.

Í verzlunarstöðum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skal hálft sýsluvegagjaldið renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið hefir næsta ár á undan því, er það sýsluvegagjald var á lagt, varið til vegagerðar í verzlunarstaðnum að minnsta kosti jafnmiklu fé úr sveitarsjóði og nemur hálfu sýsluvegagjaldinu, auk hreppsvegagjaldsins, sem það hafði til umráða það ár, og hafi hreppsvegagjaldið þá verið ákveðið ekki lægra en 4 kr. á hvern verkfæran mann samkvæmt 18. gr. þessara laga.

ÁTTUNDI KAFLI

Um reglur fyrir umferð um vegi.

50. gr.

Vegfarendur, hvort heldur eru gangandi, ríðandi eða akandi, skulu, þá er þeir mæta einhverjum, eða ef einhver vill komast fram fyrir þá, halda sér og gripum sínum á vinstri helmingi vegarins eingöngu.

51. gr.

Stjórnarvöld þau, er eiga að annast viðhald vega, geta — hreppsnefndir og sýslunefndir þó eigi nema með samþykki ráðherra — sett þær reglur fyrir umferð um vegi þá, er þau annast um viðhald á, sem nauðsynlegar eru til þess að girða fyrir skemmdir á vegunum eða til þess að greiða fyrir umferð um vegina, svo sem bannað trjádrátt og umferð þungavagna og bifreiða með mjóum hjólgjörðum.

Ráðherra getur og sett þær reglur um hjólhæð vagna og hjólbreidd og um hlassþunga, sem þurfa þykir til að girða fyrir skemmdir á vegum.

Á sama hátt er heimilt að setja þær reglur um umferð um brýr, sem þurfa þykir.

Ráðherra getur ennfremur, að fengnum tillögum sýslunefndar, þar sem um sýsluveg eða hreppsveg er að ræða, bannað umferð bifreiða þann tíma árs, sem hættast er við skemmdum á veginum.

Reglur, sem settar verða samkvæmt þessari grein, skal birta minnst tveim mánuðum áður en þær eiga að ganga í gildi.

52. gr.

Enginn má skilja eftir á alfaravegi neitt það, er getur hindrað eða bagað umferð um veginn; þó mega bifreiðar eða vagnar standa á veginum við vinstra vegjaðar um skamman tíma, enda sé hesturinn þá leystur frá vagninum.

NÍUNDI KAFLI

Um skemmdir og um sektir fyrir brot gegn lögum þessum.

53. gr.

Enginn má stífla skurði fram með vegi, eða frá vegi eða ræsi gegnum veg eða gera neitt það, er hindrað getur eðlilegt vatnsrennsli gegnum veg eða frá vegi, eða veita vatni á veg.

54. gr.

Enginn má skemma af ásettu ráði nein mannvirki, sem til vegarins teljast, svo sem brýr, ferjur, stabbasteina, kílómetrasteina, vörður eða sæluhús.

55. gr.

Hver sá, sem notar sæluhús við alfaraveg, skal ganga þriflega um það, fara gætilega með eld, eldfæri og önnur tæki, er þar kunna að vera, ganga frá hverju á sínum stað og loka dyrum, svo að ekki nái að fenna inn. Skylt er hverjum, sem verður var við, að brotið hafi verið á móti þessu, að tilkynna það tafarlaust umsjónarmanni sæluhússins eða lögreglustjóra.

56. gr.

Brot gegn lögum þessum og þeim reglugerðum og ákvæðum, sem sett verða samkvæmt lögunum, varða sektum, frá 5—500 kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum. Bæta skal einnig á kostnað hins seka tjón það, sem hann hefir unnið.

57. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

TÍUNDI KAFLI

Niðurlagsákvæði.

58. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 57 19. maí 1930.

59. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amalíuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Þorsteinn Briem.